

Örorkuvottorð er tekið gilt sem umsókn slasaða um örorkubætur. Þarf því enga sérstaka umsókn að senda um örorkubætur með örorkuvottorði, en hinsvegar er tilgangslaust að senda sérstaka umsókn um örorkubætur nema örorkuvottorð frá lækni fylgi.

Dánarbætur.

Þegar tryggður maður deyr af afleiðingum slyss, greiðir tryggingin dánarbætur til eftirlátinna vandamanna. Réttur eftirlátinna vandamanna til dánarbóta fer eftir þeim reglum, sem lög tryggingarinnar tiltaka.

Dánarbætur eru mjög mismunandi eftir því, hvernig er ástatt um eftirlátna vandamenn hins látna og getur jafnvel farið svo, að tryggingunni beri engar dánarbætur að greiða, enda þótt hinn látni hafi verið slysatryggður. Annars er eðli dánarbótanna fyrst og fremst það, að veita eftirlátnum vanda- og venzlamönnum, sem hafa verið að einhverju leyti á framfæri hins látna, fjárhagslegan stuðning, misjafnlega mikinn eftir því, að hve miklu leyti þeir voru á framfæri hans. Nánari upplýsingar um upphæð bótanna er að finna í 11. gr. laganna.

Til ákvörðunar um dánarbætur þarf tilkynningu og vottorð umboðsmanns um tryggingu, samskonar og með dagpeningamáli, ennfremur vottorð læknis á eyðublað um fyrstu skoðun (læknisvottorð I), er staðfesti það, að maðurinn hafi látizt af afleiðingum slyssins. Ef maðurinn hefir beðið bana af slysinu þegar í stað, eða svo fljótt, að ekki hafi náðst til læknis áður en hann lézt, þá verður venjulegt dánarvottorð að koma í staðinn fyrir læknisvottorð I. Loks þarf skýrslu viðkomandi skiptaráðanda um eftirlátna vanda- og venzlamenn. Tryggingin gefur út eyðublöð fyrir slíkar skýrslur.

REGLUGERÐ

um frjálsar slysatryggingar.

223

21. febr.

Stjórn.

1. gr.

Tryggingarstofnun ríkisins starfrækir sérstaka deild innan slysatryggingarinnar, sem tekur að sér frjálsar tryggingar á einstökum mönnum. Deild þessi hefir sérstakan fjárhag, aðskilinn frá öðrum deildum slysatryggingarinnar. Stjórn Tryggingarstofnunar ríkisins hefir yfirstjórn deildar þessarar á sama hátt og annara deilda slysatryggingarinnar.

Tryggingarsvið.

2. gr.

Tryggingin nær til slysa, sem hinn tryggði verður fyrir og sem sannast innan 6 mánaða frá því slysið varð, að valdi óvinnuhæfni, örorku að nokkru eða öllu leyti eða dauða, enda sé slysið sannanlega hin raunverulega orsök og bótaskyldt samkvæmt eftirfarandi reglum. Þó greiðir tryggingin ekki örorkubætur, ef orkutapið nær ekki $\frac{1}{10}$ (10%) af heildarorku hins slasaða.

Til slysa teljast hverskonar áverkar, er menn verða fyrir, og afleiðingar þeirra. Ennfremur kviðslit og tognanir, sem orsakast af snöggum viðbrögðum eða átökum. Þá greiðast og bætur fyrir blóðeitrun og igerðir, ef sannanlegt er að slyshafi valdið þeim.

Ef rekja má dauða hins tryggða að nokkru eða öllu leyti til sjúkdóms, sjúklegs ástands eða veiklunar, sem bjó í honum, er slysið vildi til eða byrjaði síðar, án þess

- 223 þó að orsakast af slysinu, greiðast engar dánarbætur. Ef slíkar orsakir eru fyrir hendi í sambandi við óvinnuhæfni eða örorku, og hafa valdið slysinu eða því, að slysið hefir haft meiri áhrif en ella, skulu bætur falla niður eða lækka í hlutfalli við það.

Takmarkanir á bótaskyldunni.

3. gr.

Tryggingin greiðir ekki bætur fyrir slys, sem stafa af:

- a. stríði eða stríðsundirbúningi, sprengiduflum, uppreisnum, eldgosum, jarðskjálftum, vatnsflóðum eða öðrum slíkum náttúruhamförum;
- b. ölaði eða þátttöku í áflogum, eða við að fremja glæpi;
- c. mikilli óvarkárni eða broti á gildandi öryggisreglum, nema um sé að ræða björgun mannlífa;
- d. skeytingarleysi, svo sem ef hinn tryggði framkvæmir á sér aðgerðir, t. d. rífur ofan af bólum, vörtum, líkþornum o. þ. h.;
- e. notkun lækningatækja (háfjallasól, diathermi, röntgen, radium), eða lækniáðgerðum, nema þær séu framkvæmdar í því skyni, að ráða bót á afleiðingum slyss;
- f. yfirlíði, svima, lömum, geðbilun eða öðru slíku sjúklegu ástandi eða veiklun.

Tryggingin bætir heldur ekki slys, sem slysatryggð kona verður fyrir meðan á meðgöngutíma stendur, eða fyrstu 14 daga eftir fæðingu, nema það standi sannanlega á engan hátt í sambandi við þungunina.

Enda þótt slys megi að einhverju leyti teljast orsök, greiðir tryggingin ekki bætur fyrir eftirfarandi sjúkdóma eða sjúkdómsástand: Malaria, útbrotataugaveiki, heimakomu eða aðra bakteríusjúkdóma, taugaveiklun, kviðslit, sbr. þó 2. gr., varicocele, æðahnúta, sinaskeiðabólgu, garnaflækju, botnlangabólgu, berkla, krabbamein, hrygg-tak (lumbago), þjótak (ischias), taugagigt, liðagigt, hægðatregðu, né eitrun, sem stafar af neyzlu eitraðra eða skaðlegra efna, matar, drykkjar eða meðala.

Sérstakar áhættur.

4. gr.

Tryggingin greiðir ekki bætur vegna slysa, sem verða við íþróttasamkeppni, fjallgöngur, skíðaferðir, kappreiðar, knattspyrnu, hnefaleik, glímu, flug, kaþbáttaferðir eða bifhjólástjórn, og ekki heldur slys á farþega í hliðarsæti á bifhjóli. Bætur greiðast ei heldur fyrir drukknun, sem verður við böðun, nema fyllilega sé sannað, að slysið hafi stafað af öðru en gáleysi eða veiklun.

Tryggingunni er þó heimilt að tryggja gegn slysum, sem verða kunna á einhvern fyrrgreindan hátt, ef þess hefir verið óskað áður og aukaiðgjald verið greitt samkvæmt sérstakri ákvörðun stofnunarinnar.

Hvar tryggingin gildir.

5. gr.

Tryggingin greiðir fyrir slys, sem hinn tryggði verður fyrir á Íslandi og á ferðum í Evrópu, og jafnframt á venjulegum farþegaskipum milli hafna í Evrópu, með þeim undantekningum, sem segir í 2. og 3. gr. Ef hinn tryggði óskar eftir tryggingu undir öðrum kringumstæðum, verður að greiða fyrir það sérstakt aukaiðgjald, sem stofnunin ákveður. Tryggingarstofnunin getur ákveðið að tryggingin nái ekki til ferðalaga í einstökum löndum eða landshlutum eða einstökum leiðum, ef hún telur sérstaka áhættu því samfara.

Það er skilyrði fyrir gildi tryggingarinnar, að á sjóferðalögum séu notuð venjuleg farþegaskip og á landi fólksbifreiðar eða járnbrautarlestir. Ferðir með flutninga-

skipum, vélbátum, bifhjólum, flugvélum eða landkönnunarferðir o. þ u. l. eru ekki 223
innifaldar í tryggingunni, nema það sé tilkynnt áður og viðbótariðgjald greitt. Ann- 21. febr.
ars er tryggingin ógild.

Hverjir ekki eru tækir í tryggingu — aldurstakmark —.

6. gr.

Ekki má taka í tryggingu menn, sem eru blindir, nærsýnir (meira en 8 dioptriur), heyrnarlausir eða mjög heyrnardaufir, geðbillaðir, lamaðir eða menn, sem haldnir eru af eða hafa þjáðst af flogaveiki eða krampa. Sömuleiðis nær tryggingin ekki til þeirra manna, sem þjáðst af sykursýki eða öðrum alvarlegum sjúkdómum eða veiklumum, eða eru hneigðir til ofdrykkju, eiturlyfjanautnar eða þessháttar.

Bótaskylda tryggingarinnar fellur niður, ef það sýnir sig eftir að vátryggingarskirteinið hefir verið gefið út, að einhverjir af fyrnefndum sjúkdómum hafa verið til staðar eða orsakir sjúkdómsins, enda þótt hann hafi ekki komið fram fyrir en síðar.

Menn innan 18 ára og yfir 60 ára eru ekki tækir í tryggingu. Gildandi tryggingu má þó framlengja til 65 ára aldurs, og með sérstöku leyfi til 70 ára. Fólk yfir 55 ára greiði 10% aukaiðgjald.

Eineygðir menn greiði 25% aukaiðgjald, og fyrir augnmissi greiðist þeim aðeins eins og þeir hefðu misst eitt auga.

Iðgjaldagreiðslur og gildistaka tryggingarinnar.

7. gr.

Iðgjaldið fellur í gjalddaga daginn, sem tryggingin á að öðlast gildi, og hefst bótaskylda tryggingarinnar um leið og iðgjaldið er greitt, og tryggingarskirteini afhent. Við endurnýjun skal hinn tryggði þó hafa 7 daga frest fram yfir gjalddaga, áður en tryggingin fellur úr gildi.

Breyting á starfi eða starfsháttum.

8. gr.

Ef hinn tryggði breytir um starf, skal strax tilkynna það tryggingunni. Er þá tekin ákvörðun um, hvort tryggingin geti gilt áfram og með hvaða skilmálum. Sé synjað um tryggingu, endurgreiðist sá hluti af iðgjaldinu, sem svarar til þess tíma, sem eftir var af tryggingartímanum.

Vinni tryggingarbeiðandi fleiri störf mismunandi áhættumikil, skal iðgjaldið miðast við það starf, sem telst áhættumest.

Nú verður tryggður maður fyrir slysi, en síðan kemur í ljós að hann hefir unnið við önnur störf en trygging hans nær til, er slysið varð. Ef þau störf eru þannig vaxin, að ætla má að Tryggingarstofnunin hefði eigi tekið manninn í tryggingu, fellur bótaskylda niður, en ef telja má vist að hann hefði fengið trygginguna gegn hærri iðgjaldi, greiðir tryggingin bætur eftir hlutfallinu milli hins greidda iðgjalds og þess iðgjalds, sem greiða bar.

Ráðstafanir er slys ber að höndum.

9. gr.

Ef slys ber að höndum, skal hinn slasaði þegar leita læknis og fara í öllu eftir fyrirmælum hans. Slysið verður að tilkynna tafarlaust á þar til gerð eyðublöð, sem tryggingin lætur í té, og ef þau eru ekki við hendina, þá til bráðabirgða á annan hátt.

Við dauðsfall skal slysið tafarlaust tilkynnast simleiðis.

Tryggingin getur hvenær sem er látið rannsaka heilsufar hins slasaða með lækni-isskoðun eða á annan hátt.

Bætur.

10. gr.

A. Dagpeningar.

Slysabætur eru fernskonar: Dánarbætur, örorkubætur, dagpeningar og sjúkrahjálpar. Tryggingarbeiðandi getur valið um hvort hann vill taka allar þessar tryggingar eða aðeins einhverjar þeirra. Þó er ekki hægt að fá tryggingu nema örorkutrygging sé ávallt tekin. Dánarbótaupphæðin má aldrei nema hærri upphæð en örorkutryggingin, dagpeningaupphæðin ekki meiru en $\frac{1}{2}\%$ (hálfum af þúsundi) og trygging fyrir sjúkrahjálpar aldrei meira en $\frac{1}{4}\%$ (einum fjórða af þúsundi) af örorkutryggingunni. Ef tryggt er bæði fyrir dagpeningum og sjúkrahjálpar, má samanlögð tryggingarupphæðin á dag ekki nema meiru en $\frac{1}{2}\%$ (hálfum af þúsundi) af örorkutryggingunni.

Valdi slysið vinnutjóni lengur en 5 daga, greiðir tryggingin dagpeninga frá þeim degi, sem slasaði varð óvinnufær, þar til hann aftur getur tekið til starfa. Sé hinn slasaði ekki algerlega óvinnufær lækkar dagpeningagreiðslan hlutfallslega við vinnuhæfni hans. Dagpeningar greiðast þó aldrei meðan hinn slasaði heldur óskertu kaupí og aldrei lengur en 180 daga vegna eins og sama áfalls, né lengur en 180 daga á einu ári. Sjúkrahjálpar greiðist jafn lengi og dagpeningar.

Ef hinn slasaði tryggir sér sjúkrahjálpar, er tryggingin bundin eftirfarandi skilrðum:

„Tryggingin nær til greiðslna nauðsynlegra útgjalda í sambandi við sjúkrakostnað, er af slysum kann að leiða, þó ekki yfir kr. á dag. Þangað til hinn slasaði þarfnast eigi lengur sjúkrahjálpar vegna slyssins, og aldrei lengur en 180 daga fyrir eitt og sama slys, reiknað frá þeim degi sem læknisstundun hófst.

Til sjúkrahjálpar telst: nauðsynlegar greiðslur til læknis og sjúkrahúsa, lyf og umbúðir, sjúkrakostnaður og nauðsynlegar ferðir á milli heimilis slasaða og sjúkrahúss og nauðsynlegar röntgenmyndatökur. Auk þess greiðist fyrir nuddaðgerðir, ef trúnaðarlæknir tryggingarinnar telur þær nauðsynlegar. Bætur greiðast ekki fyrir dvöl á hressingarhælum eða baðstöðum, gervilimi eða aukakostnað vegna nauðsynlegrar fæðubreytingar. Ekki greiðist heldur fyrir hjúkrun nema hún sé framkvæmd af útlærðu hjúkrunarfólki eða hjúkrunarnemum. Tryggingin hefir rétt til að krefjast kvittana fyrir greiddum sjúkrakostnaði.

Ef hinn tryggði á kröfu til sjúkrahjálpar frá öðrum aðilja, greiðist aðeins sá hluti hennar, sem ekki greiðist annarsstaðar að.“

B. Örorka.

Ef af slysinu leiðir varanlegur orkumissir innan eins árs, greiðir tryggingin örorkubætur í eitt skipti fyrir öll, eftir mati tryggingarlæknis. Dagpeningagreiðslur falla niður um leið og örorkubætur eru ákveðnar.

Við ákvörðun orkumissis er eftirfarandi tafla notuð til hliðsjónar:

Missir beggja handa eða handleggja	100 %
— beggja ganglima	100 —
— handar eða handleggs og ganglims	100 —
— sjónar á báðum augum	100 —
— hægri handleggs í eða fyrir ofan olnboga	60 —
— — handar fyrir neðan olnboga	50 —
— vinstri handleggs í eða fyrir ofan olnboga	50 —
— — handar fyrir neðan olnboga	40 —
— ganglims	60 —
— — um mitt læri	55 —
— — — hné	50 —

Missir ganglims um miðjan legg	45 %
— fótar	40 —
— á öðru auga	30 —
— á sjón á öðru auga	20 —
— á hægri þumalfingri	20 —
— á vinstri þumalfingri	15 —
— á hægri vísifingri	15 —
— á vinstri vísifingri	10 —
— heyrnar á báðum eyrum	50 —
— — á öðru eyra	10 —

223

21. febr.

Við ákvörðun orkumissis er ekki aðeins tekið tillit til vinnu þeirrar, sem hinn tryggði vann fyrir slysið, heldur einnig annara starfa, sem hinn slasaði kynni að vera fær um að vinna.

Missir á útlím, sem áður var bæklaður, veitir ekki rétt til örorkubóta nema í hlutfalli við þann missi, sem hinn tryggði varð fyrir. Bætur fyrir líkamslýti eða þjáningar greiðast ekki.

C. Dauðsföll.

Valdi slysið dauða innan eins árs frá því að það ber að höndum, greiðast dánarbætur að frádregnum þeim örorkubótum, sem kunna að hafa verið greiddar.

Greiðslur slysabóta.

11. gr.

Þegar tryggingunni hafa borizt nauðsynleg gögn í hendur til þess að taka ákvörðun um slysabætur, getur greiðsla bóta að öllum jafnaði farið fram. Dagpeninga má greiða smátt og smátt eftir því sem vottorð koma frá lækni, sem sýni að hinn slasaði sé óvinnufær Sjúkrahjálþ þegar reikningar berast frá réttum aðiljum. Örorkubætur má greiða þegar fullséd er um hve miklar varanlegar afleiðingar slysið hefir, og dánarbætur strax þegar borizt hafa fullnægjandi sannanir fyrir greiðsluskyldu tryggingarinnar og hverjir séu réttir erfingjar hins tryggða.

Uppsögn tyggingar eftir slys.

12. gr.

Tryggingarstofnunin hefir rétt til að segja upp tryggingu með viku fyrirvara eftir að slys hefir borið að höndum, og skal þá endurgreiða hinum tryggða iðgjald fyrir þann hluta af tryggingartímabilinu, sem eftir er. Uppsögn þarf þó að tilkynna innan eins mánaðar eftir að slysið var endanlega bætt.

Rangar upplýsingar.

13. gr.

Nú kemur í ljós að tryggður maður hefir gefið Tryggingarstofnuninni rangar upplýsingar er hann var tekinn í tryggingu, meðan trygging hans var í gildi eða í sambandi við ákvörðun slysabóta eða iðgjaldagreiðslu, og getur eigi fært sönnur á að hann hafi gert það óviljandi og fellur þá réttur hans til bóta niður.

Fyrning.

14. gr.

Tryggingunni ber ekki skylda til að greiða bætur fyrir slys, ef krafa frá þeim slasaða hefir ekki borizt í hendur hennar innan 4 mánaða frá því afleiðingar slyssins komu í ljós.

Endurnýjun á tryggingu.

15. gr.

Ef tryggingin er tekin til að minnsta kosti eins árs og ekki samið um annað, telst hinn tryggði óska framlengingar á tryggingu sinni til jafnlangs tíma, nema hann hafi sagt henni upp með í minnsta lagi eins mánaðar fyrirvara.

Ágreiningur.

16. gr.

Rísi ágreiningur um úrskurð slysabóta milli hins tryggða og stofnunarinnar, skal áfrýja úrskurðinum til tryggingarráðs. Sætti aðili sig ekki við úrskurð tryggingarráðs, má bera málið undir dómstóla.

Sjúkratryggingar.

17. gr.

Tryggingarstofnuninni er heimilt að taka að sér að tryggja menn gegn afleiðingum sjúkdóma, með því að gefa þeim kost á að tryggja sér dagpeningagreiðslur, ef þeir verða óvinnufærir að nokkru eða öllu leyti, og ef tekjur þeirra rýrna eða falla niður vegna sjúkdóms. Hinsvegar nær slík trygging ekki til örorku eða dauðsfalla af völdum sjúkdóma. Sjúkratryggingin verður ávallt að vera í sambandi við slysatryggingu, og mega sjúkradagpeningar ekki vera hærri en slysadagpeningar.

Þó skulu aldrei greiðast dagpeningar vegna eins og sama sjúkdóms lengur en 90 daga (í eitt skipti fyrir öll) og ekki lengur en 90 daga á sama ári, þó um fleiri sjúkdóma sé að ræða.

Tryggingarsvið.

18. gr.

Tryggingin greiðir ekki fyrir:

1. geðveiki, geðbilanir eða taugaveiklun, hverrar tegundar sem er, ofþreytu eða svefnleysi. Ekki heldur sjúkdóma, sem stafa af neyzlu áfengis, nikotins, morfins, kokains eða annarra slíkra deyfi- og nautnalyfja;
2. sjúkdóma í móðurlífi, þungun, fæðingu, né sjúkdóma í sambandi við slíkt;
3. sjúkdóma, þar sem engin ytri einkenni eru sjáanleg. Fyrir sjúkdóma greiðast aðeins bætur fyrir þá daga, sem hinn tryggði eftir læknisráði er annaðhvort á spítala eða rúmliggjandi.

Konur, sem aðallega stunda hússtörf, fá aðeins bætur fyrir þann tíma, sem þær samkvæmt læknisráði eru rúmliggjandi.

Gildi tryggingarinnar.

19. gr.

Bótaskylda tryggingarinnar hefst 30 dögum eftir að iðgjald hefir verið greitt og nær aðeins til sjúkdóma, sem fyrst gera vart við sig eftir þann tíma.

Ef iðgjald greiðist ekki á réttum degi við framlengingu á tryggingu, greiðist aðeins fyrir sjúkdóma, sem gera vart við sig eigi fyrr en 8 dögum eftir að framlengingariðgjaldið var greitt.

Bætur.

223

20. gr.

21. febr.

Sjúkradagpeningar greiðast frá og með 4. degi eftir að læknisstundun hófst og meðan sjúklingurinn er stundaður að staðaldri.

Fullir dagpeningar greiðast því aðeins að hinn tryggði sé alveg ófær til vinnu. Annars greiðast dagpeningar í hlutfalli við það, hve vinnuhæfni hins tryggða hefir skerzt mikið.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um slysatryggingar þar, sem þau geta átt við.

Trygging á farþegum í einkabifreiðum.

21. gr.

Heimilt er að tryggja gegn slysum, er farþegar í einkabifreiðum verða fyrir við akstur þeirra og stafa af árekstri, veltu eða öðrum slíkum óhöppum. Auk þess greiðist fyrir slys, sem eru í beinu sambandi við viðgerðir á bilum, sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að ferðir geti haldið áfram.

Það sem ekki er tryggt.

22. gr.

Tryggingin greiðir ekki fyrir slys við bifreiðaakstur:

1. ef bifreiðinni er ekið af manni, sem ekki hefir ökuréttindi eða er undir áhrifum vins;
2. við kappakstur eða æfingar undir kappakstur.

Ekki eru greiddar bætur fyrir menn undir 18 ára eða yfir 70 ára aldur við dauðsfall, nema sem svarar kostnaði við útför, og þá aldrei hærrí upphæð en sem svarar til 15% af vátryggingarupphæðinni miðað við dauðsfall.

Vátryggingarupphæð.

23. gr.

Enginn farþegi er tryggður fyrir hærrí upphæð en sem hlutfallslega fellur á hvert sæti í bifreiðinni. Séu fleiri farþegar í bifreiðinni en hún er ætluð fyrir, lækkar vátryggingarupphæð hvers einstaks í hlutfalli við það. Bifreiðarstjórinn er ekki tryggður með farþegum nema þess sé getið sérstaklega og iðgjald greitt fyrir hann.

Að öðru leyti gilda ákvæðin um slysatryggingar þar, sem þau geta átt við.

Ýms ákvæði.

24. gr.

Tryggingin hefir frjálst val um hvort hún greiðir slysabætur beint til þess, sem vátrygginguna hefir keypt, eða hins slasaða.

25. gr.

Ef hinn tryggði á rétt til bóta frá aðilja, er sök kann að eiga á slysinu, greiðir slysatryggingin aðeins þann hluta bótanna, sem ekki greiðist annarsstaðar að.

26. gr.

Tryggingarskírteini, sem út eru gefin samkvæmt reglugerð þessari, eru stimpilfrjáls.

223

21. febr.

27. gr.

Um þau atriði, sem eigi eru fram tekin í reglugerð þessari, fer eftir lögum og reglum slysatryggingarinnar eftir því, sem þau geta átt við.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 74 31. des. 1937, um alþýðutryggingar, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 21. febrúar 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

224

21. febr.

IÐGJALDASKRÁ

og atvinnuflokkun í frjálsri slysatryggingu.

A. Iðgjaldaskrá.

Áhættuflokkar	Við dauðsföll kr. 1000.00	Við örorku kr. 1000.00	Dagpeningar kr. 1.00 á dag
1.	1.10	1.10	4.90
2.	1.35	1.35	6.30
3.	1.60	1.60	8.00
4.	1.90	1.90	10.00
5.	2.15	2.15	12.00
6.	2.45	2.45	14.00
7.	2.70	2.70	16.00
8.	3.00	3.00	18.25
9.	3.25	3.25	20.50

Iðgjald fyrir sjúkrahjálp er hið sama og dagpeningaiðgjaldið.

Viðbótariðgjöld vegna aukaáhættu.

Aukaáhætta	Við dauðsföll kr. 1000.00	Við örorku kr. 1000.00	Dagpeningar kr. 1.00 á dag
1. Bifhjólástjórn	0.75	0.75	3.50
2. Knattspyrna	0.40	0.75	2.50
3. Fimleikasamkeppni	} Iðgjald ákveðst sérstaklega.		
Hnefaleikur			
Kappreiðar			
Fjallgöngur			
Skiðaferðir			

Iðgjald fyrir sjúkrahjálp er hið sama og dagpeningaiðgjaldið.